

...öveldisins, sem byggir á sögu guatemalska ...sturias.

...ikhússins

...purinn frá Venezúela

leiksviðsins eru nýttir út í ystu æsar.

Því þurfa íslenskir áhorfendur tæpast að hafa áhyggjur af því að sýningarnar tvær fari fyrir ofan garð og neðan hjá þeim vegna tungumálaörðugleika. Sýningar hópsins fara allar fram á spænsku, en áherslan er ekki síður lögð á hið sjónræna og leikræna en textann svo rás atburðanna fer sjaldnast á milli mála. Auk þess verður efni og innihald sýninganna skýrt í leikskrá.

Bolívar eftir José Antonio Rial er nýjasta leiksýning Rajatabla leikhópsins og var frumsýnd í Maracaibo í Venezúela 3ja mars síðastliðinn eftir 13 mánaða undirbúning og æfingar. Þegar áður en sýningin var frumsýnd var búið að ákveða að sýna hana á Listhátíð í Reykjavík. Leikritið á upptök sín í andstæðum og hliðstæðum milli nútíðar og fortíðar: annars vegar er barátta Símons Bólivars fyrir frelsun Spönsku-Ameríku á síðustu öld og hins vegar ástandið í þessum ríkjum árið 1981, 150 árum eftir dauða Bólívars. Leikritið hefur vakið mikla athygli og deilur í Venezúela, allir voru sammála um listrænt ágæti sýningarinnar, en hins vegar fjallar leikritið um viðkvæm mál – mannréttindamál, sálfræði kúgunarinnar og sambandið milli þeirra kúguðu og þeirra sem kúguðu. Þetta eru snöggir blettir á mörgum Suður-Ameríkuþjóðfélögum, þó kannski einna síst í Venezúela, enda tóku margir til máls í blöðum í Caracas og töldu ekki rétt að gefa útlendingum slíka ranghugmynd af ástandinu þar í landi. Kom jafnvel til tals að rjúfa tengsl Rajatabla við Þjóðleikhúsið og taka af þeim alla styrki – svo var þó ekki og Bólivar verður á fjölum íslenska þjóðleikhússins föstudaginn 11ta júní og laugardaginn 12ta.

Forseti lýðveldisins eða „Senor Presidente" er ekki beinlínis leikgerð af frægri skáldsögu Nóbelshafans Asturias, heldur frjáls og innblásin útlegging leikhópsins á höfuðefni sögunnar. leikurinn lýsir suður-amerísku bananalýðveldi þar sem viðgengst hin svartasta stéttaskipting og þróast smátt og smátt yfir í súrrealisma og martröð. Allar persónur leiksins eru á einn hátt eða annan í þjónustusveit hins alvalda forseta, smátt og smátt er flett ofan af hirð hans þangað til sést inn að hinum rotna kjarna.

Leikurinn fer fram á sviði sem er umgirt hvítmáluðum grindum, þar ganga menn um í hvítum fötum, með svört sólgleraugu og silfraðar skammbyssur – útkoman er formfagurt sjónarspil, sem tekst einstaklega vel að sameina nýsköpun og hefðbundna fagmennsku innan leikhússins. Fyrri sýningin á Forseta lýðveldisins er í Þjóðleikhúsinu mánudaginn 14da júní, en hin síðari þriðjudaginn 15da.

Örnólfur Árnason, framkvæmdastjóri Listahátíðar, vildi meina að Rajatabla væri „la créme de la créme" í leikhúsi heimsins. Það verður forvitnilegt að sjá.

HANN VAR VIÐ!


- „Borgarlistamaðurinn" Magnús Tómasson sýnir á Kjarvalsstöðum

■ Magnús Tómasson, myndlistarmaður, opnaði sýningu sína að Kjarvalsstöðum í gær. Magnús, sem er tæplega fertugur, hélt sína fyrstu sýningu aðeins 19 ára gamall og hefur síðan komið víða við. Hann stundaði nám í Kaupmannahöfn, var meðal súmmara hér uppi á Íslandi og rak SÚM meira að segja um skeið. Í fyrra var Magnús fyrstur listamanna útnefndur svokallaður „borgarlistamaður", þ.e. var á launum hjá borginni í heilt ár, og afrakstur þess árs sýnir hann nú á Kjarvalsstöðum. Við þykjumst hafa heimildir fyrir því að sýning hans, sem opin er 4.-20. júní frá kl. 14-22 daglega, muni vekja nokkra athygli en hana kallar listamaðurinn „Sýniljóð og skúlptúr". Grípum niður á stöku stað í texta Magnúsar í sýningarskrá.

Herostratos og Mídas

„Það var á árunum 1967-69 að ég bjó til ýmsa hluti, sem mér gekk illa að fella að ríkjandi myndstefnum. Í bland voru litlar sprettimyndabækur, þ.e. að þegar opnaður er tvíblöðungur sprettur fram þrívíð mynd, eins og í ævintýrabókunum um Stígvélaða köttinn og Hans og Grétu, sem ég minnist frá æsku. Þá duttu mér í hug orðin „visual poetry" („Sýniljóð"), rétt eins og maður veifar röngu tré, og allt verður að heita eitthvað... En hvað er þá „visual poetry"? Ef til vill mætti skilgreina það svona: Það er eitthvað, sem er of tengt ljóði til þess að geta verið mynd og of myndrænt til að geta verið ljóð, eða: ekki nógu myndrænt til þess að geta verið mynd og heldur ekki nógu ljóðrænt til að vera ljóð. Efnislega eru „sýniljóð" eins og hverjar aðrar lygisögur, misjafnlega sannar, misjafnlega fyndnar, sumar soldið „lousy – sneddy" og fljóta hér með sakir frumstæðrar kímnigáfu höfundar.

Í upphafi var orðið, og þannig er það með margar myndirnar á þessari sýningu, að orð eða hugtak goðsögn eða eitthvað slíkt, hefur orðið kveikjan að mynd og stundum öfugt. Myndunum er ekki ætlað það hlutverk að vera síðbætandi, enda höfundur tæpast aflögufær síðferði, heldur þegar best lætur athugasemd um atburð eða ástand liðins tíma með skírskotun til okkar eigin. Þannig hafa orðið mér hugleiknir þeir kumpánar Mídas með gullið sitt og Herostratos, maður lítilsháttar, sem brenndi til grunna hið undurfagra Artemishof í Efesos í þeim tilgangi að verða frægur. Harmi slegnir íbúar Efesos bundust samtökum um að nefna aldrei nafn hans, en fyrir lausmælgi sagnaritarans Theopomposar varð nafn Herostratosar frægt að endemum þrátt fyrir allt. Myndi Herostratos okkar daga láta af iðju sinni, ef honum væri reist veglegt minnismerki? Tæpast en þó reynandi! Um Mídas þýðir ekki að fást, hann lærir aldrei af reynslunni.



■ Er Magnús Tómasson með fugla á heilanum? Myndirnar – sem og forsíðumyndina – tók Jóhanna Ólafsdóttir.

Flugþol fiskiflugna kannað

Þessar myndir eru yfirleitt séðar frá þröngu sjónhorni og gerðar eftir formúlunni að léleg mynd versnar í réttu hlutfalli við stærðaraukninguna, þannig að mér hefur þótt vissara að hafa myndirnar eins litlar og mér var mögulegt. Aftur á móti geta umbúðirnar verið viðamiklar, það er gert til að væntanlegur kaupandi mynda fái tilskilið fermál í hlutfalli við verð. Oft hef ég reynt að gera mynd þannig að frómur áhorfandi myndi segja: „Þetta hefði ég sosem getað gert sjálfur", þ.e. ná einhverjum þeim einfaldleik, sem hverjum og einum finnst liggja í augum uppi eftirá, en sjálfsagt hefur mér ekki tekist að vera sjálfum mér samkvæmur í því frekar en öðru...


Undarlegir eru mennirnir, fyrst loka þeir fuglana inni búri, búa svo til vél sem getur flogið. Síðan skera þeir tungurnar úr næturgölunum og búa til tæki sem syngur. Og þegar ég horfi á þessa vesalings fugla í myndunum, efast ég um sannleiksgildi málsháttarins, að betri sé einn fugl í hendi en sjö í skógi. Ekki veit ég nákvæmlega hvenær ég fór fyrst að hugsa um flug, en um 4-5 ára aldur kannaði ég flugþol fiskiflugna með því að binda tvinnaspotta um miðjuna á þeim og láta þær síðan fljúga með eins langan spotta og þær þoldu. Álíka langt má rekja eggin. „Ef þú einn góðan veðurdag sérð eitthvað lítið og hvítt koma ofan úr loftinu, þá er það kjarnorkusprengja," sagði bróðir minn við mig, þegar við vorum minni en við erum núna og vorum að skoða kaffipakkamynd, sem hann fullyrti að væri af vél sem framleiddi kjarnorkusprengjur. Seinna komst ég að því að þetta myndi hafa verið útungunarvél. En síðan hefur mér hætt til að rugla saman eggjum og kjarnorkusprengjum, og ætíð búist við einhverju hvítu ofan frá.

Fátt skyggði á borgaralega hamingju...


En altént hefur þessi flugsaga orðið umfangsmeiri en efni stóðu til í upphafi og vandséð hvort henni lýkur nokkurn tíma, en hér vil ég skjóta inní að stóra myndin úr „Sögu flugsins" er tileinkuð amerískumanninum Poul MacCready sem nýverið lét þann árþúsunda draum mannsins að fljúga fyrir eigin vöðvaafli rætast...

Ég vil að lokum þakka Reykjavíkurborg, stjórn Kjarvalsstaða og listráðunauti fyrir að hafa létt af mér brauðstritinu um sinn og gert þessa sýningu mögulega. Þetta ár á launum skyggði ekkert á borgaralega hamingju mína, nema að hafa ekki stimpilklukku á vinnustofunni og stúlku fyrir framan hjá mér sem sagði: „Því miður, hann er ekki við".

Þetta eru aðeins brot úr ritsmíð Magnúsar Tómassonar, og vísast illa slitin úr samhengi, en þá er bara að fara á Kjarvalsstaði og sjá með eigin augum...



■ Delfí.



■ Prometheus.